

Stjórnarfundur TSÍ þann 26.01.2009 kl 19:30 – 23:00

Mættir voru Gunnar, Hafsteinn, Ingólfur, Jónas, Raj, Raket og Skjöldur

1. Fundur TSÍ með Afrekssjóði ÍSÍ

Raj fór á fund með Guðmundi hjá Afrekssjóði ÍSÍ fyrr um morguninn og skýrði frá því sem kom fram á þeim fundi. Guðmundur spurði út í hagi styrkþega frá árinu 2008, Arnar sem fékk styrk úr afreksmannasjóði ÍSÍ og Birki og Söndru Dís sem fengu styrki úr Ung- og efnileg sjóð ÍSÍ. Miðað við þær forsendur sem Raj gaf þá taldi Guðmundur að e.t.v. ætti TSÍ að sækja um hópstyrk í ár frekar en einstaklingsstyrk.

Ungir og efnilegir sjóður ÍSÍ hefur alltaf verið fyrir krakka á aldrinum 15-18 ára en nú í fyrsta skipti er möguleiki fyrir sérsambönd að breyta þessu aldursbili t.d. hefur Fimleikasambandið lækkað aldurinn niður í 13-16 ára og Frjálsíþróttasambandið hefur hækkað aldurinn. Stjórnarmenn TSÍ voru sammála um að æskilegt væri fyrir TSÍ að lækka aldursbilið og þá jafnvel niður í 13-16 ára. Engin ákvörðun var þó tekin um það.

2. Árgjöld fyrir árið 2009 til Alþjóðatennissambandsins (ITF) og Evróputennissambandsins (ETA)

TSÍ hefur frest til 31.janúar til að svara ITF hvort þeir ætli að segja sig úr sambandinu eður ei. Þó að TSÍ segi sig úr sambandinu þá eru þeir skuldbundnir til að greiða fyrir árið 2009 þar sem úrsögnin tekur ekki gildi fyrr en einu ári seinna samkvæmt lögum ITF. Frestur hefur verið fengin frá ETA og ITF til að borga árgjöldin til júní 2009 en hægt verður líklega að setja borgunina fyrir árið 2009 á ís. Biðlað hefur verið til ITF um að Ísland fái undanþágu en ekki hefur orðið við því og ólíklegt miðað við samtal Raj við ITF. Tekið verður fyrir mál Íslands á fundi hjá ITF 14.febrúar. Ræddir voru kostir og gallar þess að vera meðlimir í þessum tveimur tennissamböndum.

Helstu kostir þess að vera meðlimur í ITF er að þá er hægt að senda lið á Davis Cup og Fed Cup sem hefur verið aðalkeppni landsliðsins síðastliðin ár. Helstu gallar eru að árgjaldið er dýrt (\$4800) og ef TSÍ segir sig úr núna þá þurfa þeir að bíða í eitt ár eftir að mega aftur taka þátt í Davis Cup og Fed Cup þar sem reglurnar eru þannig. Því væri ekki hægt að senda lið aftur á þessi tvö mót fyrr en í fyrsta lagi 2011.

Kostirnir við að vera meðlimur í ETA er að þá er að hægt að halda Evrópumót (U12, U14, U16) á Íslandi, líkt og Raj hefur haldið síðastliðin ár. Jónas var með hugmynd um að halda álíka mót þá fyrir eða eftir mót sem Raj myndi hugsanlega halda. Með því móti yrðu 2 Evrópumót haldin um sumarið. Einnig gefur þetta Íslandi þátttökurétt í U14 Development móti sem Kjartan hefur hug á að taka þátt í á þessu ári. Árgjaldið í ETA er dýrt (3300 CHF) líkt og í ITF þá það sé heldur ódýrara.

Flestir stjórnarmenn lýstu því yfir að meiri áhuga væri á að vera meðlimur í ETA frekar en ITF ef ákveðið yrði að vera einungis aðili að öðru sambandinu. Skjöldur vildi að TSÍ myndi hætta í báðum tennissamböndunum og með því móti senda þeim ákveðin skilaboð sem yrði vonandi til þess að þeir myndu koma til móts við okkar kröfu um að lækka árgjaldið. Engin ákvörðun var þó tekin um þetta.

3. Fjárhagsáætlun TSÍ 2009

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun sem Skjöldur hafði lagt fyrir fundinn. Meginhugmynd Skjaldar var að brjóta verkefni TSÍ í fleiri smærri verkþætti til að störfin verði sýnilegri. Mikið var rætt um verkefni og hve miklum peningi ætti að ráðstafa í hvert verkefni. Skjöldur tók að sér að hreinskrifa nýja fjárhagsáætlun út frá niðurstöðu fundarins og verður því innihald hennar ekki tíunduð hér heldur má sjá í skjali sem Skjöldur mun senda stjórnarmönnum. Stjórnarmenn tóku svo að sér að koma með tillögur fyrir næsta fund um nánari útlistun á ákveðnum verkefnum. Framhald verður á umræðum um fjárhagsáætlunina fyrir árið 2009 á fimmtudaginn næstkomandi 29.janúar kl 12 á skrifstofu TSÍ.

Kveðja,
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ